
SiRKUS
MYND/VALLI
ANDREA RÓBERTS SJÓNVARPSKONA
LÍFIÐ IÐAR AF TÆKIFÆRUM
2. NÓVEMBER 2007
Ásgrímur Már hannar fyrir E-label
Hallgrímur Helgason er að mála 20 milljóna málverkið

## Dularfullt boðskort

Í vikunni fékk valinkunnur hópur boðskort frá Ingibjörgu Pálmadóttur, athafnakonu og kærustu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, um boð í haustfagnað. Mikið var lagt í boðskortið, það var kolbikasvart að lit með upphleyptum stöfum. Það var þó ekki fyrir sjóndapra að lesa það því stafirnir voru einnig svartir og því ógreinilegir. Á boðskortinu var hins vegar ekkert talað um hvenær boðið væri eða klukkan hvað, heldur einungis verið að tryggja að viðkomandi tæki 17. nóvember frá. Eflaust eru margir sem bíða spenntir eftir frekari upplýsingum um haustfagnað ársins.



## Bannar kærastanum að tala við Séð og heyrt

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fegurðardrottning og laganemi, leggur mikið upp úr því að eiga sitt einkalíf út af fyrir sig. Sögusagnir herma að hún hafi bannað kærastanum, Reynaldi Hinrikssyni, að tjá sig við Séð og heyrt. Ef tímaritið hringir á hann að skella á. Þetta kallar maður að hafa stjórn á hlutunum.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
**Bergþóra Magnúsdóttir**
bergthora@frettabladid.is
**Indíana Ása Hreinsdóttir**
indiana@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is



ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR OG ÁSGRÍMUR MÁR FATAHÖNNUÐUR BÍÐA SPENNT EFTIR AÐ E-LABEL MERKIÐ KOMI Á NETIÐ EN SÍÐAN OPNAR FORMLEGA 15.NÓVEMBER.

### ÁSGRÍMUR MÁR HANNAR FYRIR E-LABEL

# SPLUNKUNÝ SKVÍSUFÖT

Fatahönnuðurinn Ásgrímur Már er kominn heim til Íslands á ný eftir að hafa freistað gæfunnar í Danmörku. Nú er hann búinn að hanna fatalínuna E-label sem seld verður í gegnum netið. Í Danmörku var hann aðstoðartískustjóri hjá tímaritinu Cover sem er eitt heitasta tískublaðið í Danmörku.

Hinn 15. nóvember mun hann frumsýna línuna E-label sem einkennist af þægilegum en jafnframt smart fötum fyrir konur á öllum aldri. Það sem er sérstakt við fatalínuna er að hún verður eingöngu seld á netinu en það er gert til að geta haft hana á sem bestu verði.

„Fyrsta fatalínan er öll svört, við ákváðum að hafa hana í einum lit en svo sjáum við til hvort við blöndum ekki fleiri litum inn í næstu línu," segir Ásgrímur Már. Hann leggur áherslu á að E-label sé glamúrleg en um leið sjúklega þægileg. Í línunni eru aðallega hettupeysur, skyrtur og bolir. Efnin eru falleg en línan er framleidd í heild sinni á Indlandi. Ásta Kristjánsdóttir og Andrea Brabin, oft kenndar við Eskimo, eru framkvæmdaaðilarnir á bak við línuna.

„Hugmyndin er búin að vera í þróun í tvö ár. Við Andrea höfum verið töluvert á Indlandi vegna verkefna og komumst í kynni við fataframleiðsluna þar og fannst tilvalið að láta reyna á þetta. Öll hönnun er þó í höndum Ásgríms," segir Ásta. Hún segir að netverslun sé algerlega málið enda færist það í vöxt að fólk kaupi fatnað og annað dót á netinu. „Kosturinn við að gera þetta á Íslandi er að afhendingartíminn er skammur og því þurfa konur ekki að bíða lengi eftir vörunum," segir hún.

Ásmundur segir að þau hafi gert 200 prufuflíkur fyrr á árinu til að athuga hvernig stemningin væri fyrir fötunum.

„Það seldist allt upp og í framhaldi var ákveðið að kýla á þetta," segir Ásgrímur en hann teiknaði línuna upp meðan hann starfaði í Danmörku. Hann er þó feginn að vera kominn heim.

„Danmörk er ekki fyrir mig. Það var fín reynsla og gaman að fá að vinna á svona flottu blaði. En mér finnst Danir ekki vera með þetta „tískusense" sem til þarf. Þar eru allir í því sama og það er innprentað í þjóðarsálina að það sé bannað að skera sig úr," segir hann. Meðfram vinnu við E-label er hann að kenna tískuteikningu við Listaháskóla Íslands.

Áhugasamir geta farið inn á síðuna WWW.E-LABEL.IS og litið dýrðina augum.

*martamaria@365.is*

# Hallgrímur nostrar við 20 milljóna listaverkið

Hallgrímur Helgason er búinn að taka tvö ár í að mála ómálaða málverkið sem fór á 20 milljónir á Unicef-galaboðinu sem haldið var til styrktar Barnahjálparinnar í desember 2005. Mikil leynd hvíldi yfir því hver fjárfesti í verkinu og sögusagnir voru um að Jón Ásgeir eða Hannes Smárason hefði keypt enda ekki á allra færi að reiða fram 20 milljónir fyrir málverk, jafnvel þótt það væri eftir Hallgrím sjálfan. Þegar Sirkus hafði samband við Hallgrím vildi hann ekkert segja um það hver hefði keypt verkið. „Ég er að vinna í þessu, það verður tilbúið um áramótin," sagði hann. Þegar hann var spurður út í litapallettuna í verkinu var fátt um svör. „Ég vil ekkert segja um hana, það verður bara að koma í ljós þegar verkið er tilbúið. Ég hef ekki sýnt neinum verkið enn þá," segir hann.

Ef gæði eru talin í klukkustundum ætti málverkið að verða ódauðlegt enda varð það landsfrægt löngu áður en það var málað.



**GRIM** Ætli Grim fái að vera með á myndinni?



**HALLGRÍMUR HELGASON** Hann er búinn að vera í tvö ár að mála 20 milljóna verkið.

## borgin mín SAN DIEGO

**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikkona**

# Hætt að nenna út að borða

**MORGUNMATURINN:**
**Grísk jógúrt og lífrænir ávextir, múslí eða beygla með rjómaosti og laxi eða egg á ýmsa vegu, skrömbluð/spæld og fullt af sterku kaffi og heimapressaður ávaxtadjús.**
**SKYNDIBITINN:**
**Alveg hætt að borða skyndibita.**
**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
**Whole foods er besta matvöruverslun sem ég hef komið í. Get verið þar tímunum saman.**
**LÍKAMSRÆKTIN:**
**Ungbarnajóga og göngutúrar. Svo lyfti ég lóðum þegar ég nenni.**
**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
**Ég er eiginlega hætt að nenna út að borða. Ég hef svo mikið sjálfstraust í eldhúsinu og finnst ég elda besta matinn.**
**BEST VIÐ BORGINA?**
**Stanslaus blíða og hægt að vera úti flesta daga ársins.**








OPIÐ Í DAG
FRÁ 9-19
Frábær tilboð á tölvum og tölvubúnaði
NÓVEMBER TILBOÐ
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
1 GB MINNI
2.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni
ER MEÐ 500GB HÖRÐUM DISK
LÆGSTA VERÐ Á ÍSLANDI
500GB INOi SPILARI
19.900
SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ 720P
TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
25DVD DISKAR
1.890
Verbatim 16x DVD+R spindill
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
500GB HARÐDISKUR
8.990
Western Digital Caviar SE16 SATA2
HVERGI LÆGRA VERÐ!
Strax
ACER 2480 FARTÖLVA
46.900
HVERGI Á LÆGRA VERÐI
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Opið í dag
9:00 - 19:00
Laugardag
10:00 - 18:00
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.



UNGFRÚ NORÐURLÖND OG EYSTRASALT „Þetta er búið að vera skemmtilegt og í rauninni væri ég alveg til í að upplifa þetta einu sinni enn en ég kem náttúrlega hingað aftur á næsta ári til að krýna arftakann minn.“

FANNEY LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR ER MISS SCANDINAVIA

# Til í tuskið

**„Þetta kom mér alveg rosalega á óvart. Ég bjóst alls ekki við þessu enda tala ég ekki málið og skildi ekkert hvað þau voru að segja fyrr en ég heyrði nafnið mitt,“ segir Fanney Lára Guðmundsdóttir, sem var krýnd Miss Scandinavia Baltic Sea á miðvikudagskvöldið. Fanney Lára var í skýjunum þegar Sirkus náði tali af henni í gær þar sem hún var í verslunarmiðstöð ásamt sænsku stelpunni sem lenti í þriðja sæti. „Ég er alveg rosalega ánægð með þetta en það verður gott að komast heim. Þetta er búið að vera mikil og löng törn,“ segir hún en Fanney fékk peninga, föt, skart og bikar í verðlaun. „Kórónan er orðin svo gömul svo ég fæ ekki að taka hana með mér heim. Hins vegar fékk ég flottan bikar sem ég má eiga,“ segir Fanney sem fór ein til Finnlands til að taka þátt í keppninni en Elín Gestsdóttir var formaður dómnefndar. Aðspurð hvort sigurinn opni dyr að frekari keppnum segist hún ekki viss. „Ég held að þetta sé búið núna. Þetta er búið að vera skemmtilegt og í rauninni væri ég alveg til í að upplifa þetta einu sinni enn en en ég kem náttúrlega hingað aftur á næsta ári til að krýna arftakann minn,“ segir Fanney Lára sem kemur til Íslands í dag.**

indiana@frettabladid.is

DAGBÓKIN HANS DARRA

# Veröld verðandi föður

Líf Darra Johansen, rithöfundar og viðskiptastjóra á auglýsingastofunni TBWA\Reykjavík, tók heldur betur stakkaskiptum fyrir rúmum þremur árum. Hann hafði nýkynnst konu sinni, Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur, blaðamanni á tímaritinu Ísafold, þegar í ljós kom að þau áttu von á barni. Á stuttum tíma breyttist líf þeirra mjög hratt. Frelsið og áhyggjuleysið sem hafði áður einkennt líf þeirra beggja vék fyrir ábyrgðinni og skuldbindingunni sem fylgir foreldrahlutverkinu. „Meðan á meðgöngunni stóð hélt ég dagbók yfir hugsanir sem fóru í gegnum huga minn og skrifaði um allt sem kom upp á. Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að skrifa og í upphafi var engin ástæða fyrir skrifum mínum önnur en sú að fá útrás fyrir tilfinningar mínar og þær breytingar sem fram undan voru.“ Bókaútgáfan Salka gefur út þessa dagbók Darra sem ber nafnið „Maður gengur með. Dagbók verðandi föður“ og kemur út 9. nóvember. „Þetta er mín persónulega saga um hvernig ég upplifði meðgöngu kærustu minnar. Hún lýsir tilhlökkun minni, kvíða og spennu, skondnum uppákomum og vangaveltum um föðurhlutverkið allt frá þeirri stundu frá því við vissum að við ættum von á erfingja þar til barnið okkar leit dagsins ljós.“ Bókin „Maður gengur með. Dagbók verðandi föður“ er án efa áhugaverð lesning fyrir foreldra sem og tilvonandi foreldra og gefur lesandanum skemmtilega sýn inn í veröld verðandi föður.

bergthora@frettabladid.is

„Ingibjörg er tekin að ljóma. Sé gleðina skína meira og meira úr augum hennar. Finnst eins og eftirvæntingin sé smátt og smátt að afvopna kvíða fæðingar – eða óvissu framtíðarinnar.“( Darri Johansen, Maður gengur með. Dagbók verðandi föður. Salka, 2007.)



SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugiboogie | N | Mugison |
| 2 | Tímarnir okkar | ↓ | Sprengjuhöllin |
| 3 | Vivere Best Of Bocelli CD/DVD | ↓ | Andrea Bocelli |
| 4 | Hold er mold | ↓ | Megas og Senuþjófarnir |
| 5 | Pictures | N | Katie Melua |
| 6 | Forever | ↓ | Pavarotti |
| 7 | Síðasta vetrardag CD/DVD | ↓ | Síðan skein sól |
| 8 | Vivere: Best Of Bocelli | ↓ | Andrea Bocelli |
| 9 | Complete Clapton | ↓ | Eric Clapton |
| 10 | Human Child/Mannabarn | ↓ | Eivör |
| 11 | Bara | N | Hara |
| 12 | All The Last Souls | ↓ | James Blunt |
| 13 | Human Child | N | Eivör |
| 14 | Iceland Airwaves 2007 | ↓ | Ýmsir |
| 15 | The first Crusade | | Jakobínarína |
| 16 | Pottþétt 44 | ↑ | Ýmsir |
| 17 | Magic | | Bruce Springsteen |
| 18 | Íslandslög 1-6 (6CD) | ↓ | Ýmsir |
| 19 | Life In Cartoon Motion | | Mika |
| 20 | Snákar í Garðinum | A | Rúnar Júl |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

## VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Football Manager 2008 |
| 2 | Fifa 08 |
| 3 | Crash of the Titans |
| 4 | Heroes of Might & Magic Tribes |
| 5 | Counter-Strike Source |
| 6 | Simpsons Hit and Run |
| 7 | Sims 2 Bon Voyage |
| 8 | Halo 3 |
| 9 | NBA Live 08 |
| 10 | Neverwinter Nights 2 Betrayer |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Mýrin |
| 2 | SPIDER-MAN 3 (2 DISC) |
| 3 | Arthur og Minimóarnir |
| 4 | Köld Slóð |
| 5 | TMNT (2007) |
| 6 | Death Proof |
| 7 | 300 |
| 8 | Zodiac DVD |
| 9 | Simpsons Season 10 |
| 10 | The Illusionist |
| 11 | Delta Farce |
| 12 | Perfect Stranger |
| 13 | Sunshine |
| 14 | John Tucker Must Die |
| 15 | 28 Weeks Later |
| 16 | Apocalypto |
| 17 | Shooter |
| 18 | The Sentinel |
| 19 | Blades of Glory |
| 20 | Little Miss Sunshine |

Listinn gildir 1 - 7. nóvember 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N




Áhöfn Epal tekur alltaf vel á móti þér!

epal

Epal hf. /
Skeifunni 6 /
Sími 568 7733 /
www.epal.is /

SIF ATLADÓTTIR KNATTSPYRNUKONA HEFUR SKIPT HÆLASKÓNUM ÚT FYRIR CONVERSE OG HETTUPEYSU. SIF OPNAÐI FATASKÁPINN FYRIR SIRKUS.

# MEÐ ÁRÁTTU FYRIR SKÓM

Þegar ég var yngri var ég meira og minna alltaf í íþróttagöllum. Á gelgjuskeiðinu skipti ég svo yfir í gallabuxurnar," segir Sif Atladóttir, landsliðskona í knattspyrnu. Sif segist þó enn þá freistast til að ganga í íþróttagöllum utan æfinga enda sé ekki minni tíska í sportinu en öðrum klæðnaði. Þegar hún er beðin um að lýsa stílnum sínum segist Sif aðallega ganga í því sem henni þyki flott og þægilegt. „Ég er ekki mikið að hugsa um tískumerki og finnst mikilvægast að ég fíli fötin. Ég á ekki auðvelt með að velja einhverja eina uppáhaldsverslun hér heima en ef ég ætla að kaupa mér flottan kjól fer ég helst í Cosmo. Annars er það bara Sautján og Kolaportið og allt þar á milli," segir Sif og bætir við að hún reyni að komast í búðarráp þegar hún sé erlendis með landsliðinu. „Þá er það H&M og skóbúðirnar sem verða fyrir valinu. Áráttan mín er helst í skónum," segir Sif sem á um 20 pör af skóm. „Ég er búin að gefa mikið af skónum mínum en þar sem kærastinn minn er með sömu áráttu er þetta mikill fjöldi sem er löngu búinn að sprengja af sér skóskápinn," segir hún hlæjandi. Sif segir að stíll hennar hafi þróast síðasta árið úr fínum, hefðbundnum fötum yfir í meiri götustíl. „Í fyrra gekk ég mikið í háhæluðum skóm sem hafa í dag vikið fyrir Converce-skónum og hettupeysunni. Mér finnst götutískan í Japan rosalega flott en annars horfi ég ekki upp til neins þegar kemur að tísku. Vonandi kemst ég einhvern tímann til Japans til að geta skoðað fötin þar því ég fíla þegar fólk klæðir sig eins og það vill án þess að hugsa hvað öðrum finnst."

*indiana@frettabladid.is*

fötin mín



EKTA SIF „Þetta er týpísk ég. Gallapils og hettupeysa, fínt en samt götustíll."

MYND/VALLI



**LEGGINGS „Ég tek alveg þátt í leggingstískunni líka og þennan flotta bol gaf systir mín mér þegar hún kom heim frá Köben."**



**ÓHRÆDD AÐ PRÓFA SIG ÁFRAM** "Ég var í þessu dressi á lokahófi KSÍ. Þetta er fallegur hvítur kjóll með ljósbláu munstri í stíl við bláu Converse-skóna."



**MEÐ ÆÐI FYRIR SKÓM** Sif og kærastinn hennar eru bæði með æði fyrir skóm. „Það er mjög létt að kaupa handa okkur gjafir. Við erum alltaf ánægð með skópar."



**SPARIDRESSIÐ** „Ég fékk þetta svarta dress í H&M og ég nota það þegar ég fer eitthvað fínt."

**UPPÁHALDSSKÓRNIR** „Bláu Converse-skórnir mínir og þessir Adidas-skór eru í uppáhaldi hjá mér."



**BLÁR Í UPPÁHALDI** „Kúrekaskyrtuna fékk ég að gjöf. Ég held að blár sé minn litur, það er allavega mjög margt blátt í fataskápnum mínum."




buxur 20% afsláttur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

ANDREA RÓBERTS ER MÆTT AFTUR Á SKJÁINN OG NÚ ER BÚIÐ AÐ TILNEFNA ÞÁTTINN HENNAR 07/08 BÍÓ LEIKHÚS TIL EDDUVERÐLAUNANNA. UNDANFARIÐ ÁR HEFUR ORÐIÐ MIKIL BREYTING Á LÍFI HENNAR EN SNEMMA Á ÁRINU FLUTTI HÚN ÚR MIÐBÆNUM Í HVALFJÖRÐINN. HÚN ER ÞÓ ALLS EKKI HÆTT AÐ VERA SKVÍSA ÞÓTT HÚN SÉ FLUTT Í SVEITINA, GÚMMÍSKÓR MEÐ GLIMMERÍVAFI VERÐA VÍST MÁL MÁLANNA EFTIR TVÖ ÁR.



MYND/VALLI

# Það blundar í mér bóndi

Leiðindin eru ekki að þvælast fyrir Andreu Róberts, sjónvarpskonu, meistaranema, sveitakonu og stjórnarkonu Unifem. Með gleðina og húmorinn að vopni sameinar hún leik og starf án þess að taka sjálfa sig of hátíðlega. Í haust hóf þátturinn 07/08 Bíó leikhús göngu sína hjá Sjónvarpinu en Andrea er einn af umsjónarmönnum þáttarins ásamt Ásgrími Sverrissyni, Elsu Maríu Jakobsdóttur og Jóni Agli Bergþórssyni undir ritstjórn Þorsteins Joð. Hún segir að það sé gaman að vera komin aftur á skjáinn.

„Þátturinn fjallar um bíó og leikhús frá öllum hliðum, þó aðallega ferskum og faglegum. Þetta eru náttúrlega allt snillingar á sínu sviði sem ég vinn með og engin busabræla í gangi. Hann er á dagskrá á fimmtudögum fyrir þá sem finnst gott að glápa," segir Andrea og glottir. Hún er þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri því hún segir þáttagerðarvinnuna henta sér afar vel og hún hafi lúmskt gaman af því að vera ráðin aftur til fyrrum yfirmanns.

„Mér fannst alveg kjörið að prófa að starfa hjá Sjónvarpinu, svo er þetta ekki fullt starf og hentar því ágætlega með skólanum og mastersritgerðinni í mannauðsstjórnun. Ég er reyndar líka stjórnarkona í Unifem sem er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna. Ég er sem sagt að næra vinnualkann í mér og nú er sá tími að fara í hönd þar sem vinnuvikan er átta dagar og sólarhringurinn 25 stundir. Í þessu ástandi finn ég það líka að það er kominn tími til að skoða gildin betur í lífinu, horfa á sig á röngunni og pæla aðeins í því hvað skiptir mestu máli í þessu lífi. Kominn tími til að klófesta tímaþjóf. Ég á það til að taka að mér of mög verkefni en er orðin þokkaleg í að segja nei. Áður en ég fór að æfa mig í því að segja nei var vöðvabólga mitt millinafn," segir hún og hlær. Hún segist þó ekki hafa þurft að hugsa sig um tvisvar þegar henni bauðst starfið í þættinum 07/08. „Ég er almennt fljót að taka ákvarðanir. Annars hef ég ekki unnið neitt fjölmiðlaverkefni á Íslandi þar sem tími hefur gefist til að hugsa yfir sig. Þetta gerðist hratt, eitt símtal og málið dautt."

Í gegnum sjónvarpsstarfið hefur Andrea kynnst ógrynni af fólki en hún segir að fólkið sjálft gefi starfinu gildi. „Um daginn sat ég í förðun í Sjónvarpinu þegar Jón Gnarr kom inn ber að ofan til að máta hárkollur og hin ýmsu gervi fyrir tökur. Það gerði mikið fyrir mig og það var þá sem ég hugsaði með mér: Það eru forréttindi að fá að vinna í sjónvarpi."

Þegar hún er spurð út í vandræðaleg atvik á skjánum hugsar hún sig um í smástund og segir svo að það hafi alveg komið fyrir að hún hafi viljað eiga stórt strokleður. „Það getur verið erfitt að vinna í sjónvarpi þegar illa stendur á í einkalífinu og svo er algjört helvíti að fá hláturskast í beinni," segir hún og fer að hlæja. Nú er búið að tilnefna Andreu og hennar fólk til Eddu-verðlaunanna í flokknum menningar- og lífsstílsþáttur ársins.

„Ég brosti þegar ég frétti af tilnefningunni fyrir þáttinn sem segir kannski eitthvað. Ég væri með svarta tungu og nefið væri að stækka ef ég segði annað. Mér finnst gaman að við skyldum vera tilnefnd og hlakka til að sjá hver hlýtur Edduna þegar hún verður afhent síðar í mánuðinum. Ég hvet alla til að kjósa á www.visir.is en ég er ekki að plata þegar ég segi að ég tek verðlaunahátíðir ekki mjög hátíðlega. Ég mun að minnsta kosti ekki rispa bílinn hjá akademíunni ef við vinnum ekki."

## Kindur í innkeyrslunni

Fyrir nokkrum árum var Andrea dæmigerð miðbæjarrotta, bjó í þekktasta hverfi landsins þar sem stutt var í hringiðuna og allan þann unað sem því hverfi fylgir. Nú hefur hún hins vegar vent sínu kvæði í kross og flutt í Hvalfjörðinn ásamt kærastanum, Jóni Þóri Eyþórssyni.

„Í mér blundar bóndi og ég veit fátt betra en að vera heima hjá mér. Þetta er ekkert Southfork, við búum í litlu húsi með trjám allt í kring. Nágrannarnir eru algjörir snillingar og það er ekki hægt að segja annað en hamingjan elti mig á röndum. Eins og framsóknargaurinn Bjarni Harðarson segir þá er aðeins ein árstíð á Íslandi og hún heitir ekki neitt. Það átti ekki við síðasta sumar, þá var sól og sumar með stóru S-i sem þýddi mikið hangs í hengirúmi og gesti alla daga. Sveitin er að rokka; kindur í innkeyrslunni, lækur, skógur, sjósund, ugla sem býr í garðinum og rjúpur sem kíkja í kaffi. Ferlega ferskt loft og frábært útsýni. Það getur samt verið mjög fyndið á morgnana að standa á bílaplaninu með gloss í háum hælum á leiðinni í vinnuna og þurfa að reka kindurnar í burtu svo ég geti bakkað út úr stæðinu."

Hún segir að það hafi blundað lengi í þeim Jóni Þóri að flytja út fyrir bæjarmörkin og því keyptu þau hús sem er gamall bústaður í byrjun ársins. Þegar hún er spurð að því hvort þetta sé ekki of langt frá bænum segir hún svo ekki vera. „Ég nýt þess að drekka kaffið mitt í bílnum á leiðinni í bæinn, þetta hefur mun fleiri kosti en hitt og ég var vön að ferðast til og frá vinnu þegar ég bjó erlendis."

Talið berst að heimilum. Áður fyrr lagði hún mikið upp úr fallegu heimili og átti dýrt innbú. Nú segist hún hafa þetta svolítið öðruvísi og sé mun afslappaðri gagnvart dauðum hlutum.

„Heimilið mitt er fremur látlaust en þó ekki kuldalegt. Mínimalismi sem hefur verið merkisberi smekkvísinnar á Íslandi síðustu ár er umhverfi sem knúsar mig ekki og heillar því ekki sérstaklega. Bilið á milli óskasjálfs og raunsjálfs hjá mér hefur alltaf verið að styttast og á tímum verið við það að hverfa. Þess vegna skipta dauðir hlutir mig alltaf minna og minna máli. Efnisleg gæði og áþreifanlegir hlutir létta samt stundum lífið og spara sporin. Þess vegna getur verið gott að grípa í tæki og tól og hafa aðgang að þvottavél og ryksugu í amstri dagsins. Tölvan, farsíminn og fleiri tækniundur eru síðan orðin framlenging á manni sjálfum. Tæknin er af hinu góða svo lengi sem við gleymum ekki að mannfólkið skapaði og bjó til tæknina en ekki öfugt. Ég fæ samt mikið út úr því að fara á söfn og finnst alveg frábært þegar notagildi og hönnun fer saman. Það er góð hönnun fyrir mér."

## Stöðugt á bremsunni

Í fyrra ákvað hún að láta gamlan draum rætast. Hún seldi allar veraldlegar eigur sínar og hélt á vit ævintýranna ein síns liðs með bakpoka að vopni. Andrea segir að orð nái ekki að lýsa ferðinni því þetta sé eitthvað sem allir verði að prófa.

„Ég er vanalega dugleg að fara út fyrir þægindarammann og mér finnst það mjög mikilvægt. Ég skellti mér ein í bakpokaferð í nokkra mánuði og fór til Indlands, Taílands, Kambódíu og Laos. Ég ætlaði til fleiri landa í Asíu en það verður að bíða betri tíma. Ég náði að lifa algjörlega í núinu og njóta augnabliksins betur, kynntist fjölmörgum gullmolum frá öllum heimshornum. Í lok ferðarinnar leið mér eins og ég hefði fundið uppskriftina að eilífri hamingju, nokkurs konar nirvana, og mér fannst hugsanirnar vera á mínu valdi. Þetta var ótrúlegur tilfinningarússibani sem gerði mér einstaklega gott. Svona ferð víkkar sjóndeildarhringinn, gerir mann



Á hvaða geisladisk ertu að hlusta? Ég tékkaði á i-podnum um daginn og sá að ég á mest með Bubba. Mér finnst tónlist ólýsanleg snilld sem ég nýti mér við hin ýmsu störf og við hinar ýmsu aðstæður. Ég er með Sprengjuhöllina í bílnum og mér finnst diskurinn þeirra góður. Þessi tvö dæmi eru samt ekki lýsandi fyrir tónlistarsmekkinn þar sem ég er algjör alæta á tónlist. Ég verð að hrósa því tónlistaruppeldi sem ég fékk þar sem einhver plata var alltaf undir nálinni. Í útlöndum tapa ég mér í plötubúðum.

Uppáhaldsmaturinn: Síðustu vikurnar hefur það verið Asíu-súpan sem kærastinn gerir en síðan klikkar sushi aldrei.

Uppáhaldsflíkin: Gúmmítúttur.

Áhugamálið: Ástin og lífið.

Bíllinn minn er ... nauðsynlegur eftir að ég flutti í sveitina en ég átti ekki bíl áður þar sem ég seldi hann áður en ég fór í bakpokaferðalagið. Ferðaðist með strætó, hjólaði mikið og labbaði lengra en Reynir Pétur. Það var málið þar sem ég bjó í miðbænum. Núna verð ég að eiga bíl. Að taka skólabílinn út á afleggjara til að taka Akranesstrætó í bæinn er helst til of tímafrekt fyrir mig þessa stundina. Nú á ég kagga sem ég bruna um á og kolefnisjafna af krafti með öllum trjánum á lóðinni.

Líkamsræktin: Ekki rassgat að frétta af þeim málum, engar medalíur síðustu ár en markmiðið hefur verið lengi að að komast í splitt – á báðum.

læsan á menningu annarra þjóða og gerði mig þakklátari. Ég hvet alla til að fara í svona ferð. Ég er samt helvíti hrædd um að ég sé komin á fulla ferð í neyslusamfélaginu á ný en samt er ég meðvituð um það og er því stöðugt á bremsunni.“

Meðan á ferðinni stóð bloggaði Andrea. Þegar heim kom settist hún við skriftir og skrifaði bókina, Spennið beltin – til Asíu með Andreu Róberts, sem kom út hjá JPV fyrir síðustu jól.

„Ég er algjör busi í bókabransanum og er ekki viss um að þessi bók hefði átt að vera í jólabókaflóðinu. Kannski átti hún betur heima í jólabókafjörunni. Bókin átti að hvetja fólk til að ferðast og í henni má finna margar gagnlegar upplýsingar um bakpokaferðalag. Það prumpaði einn gagnrýnandi á bókina en Silja Aðalsteins, bókaormur Íslands, kom þá og hældi bókinni á heimasíðu sinni, www.tmm.is, fyrir það sem hún var. Silja taldi blaðamanninn ekki vera að rýna til gagns og hún var ekki ein um það, það voru margir glaðir með bókina. Samt fannst mér þessi mikli metnaður bókaútgáfunnar detta niður í kjölfarið og bókin var sama og ekkert auglýst. Ég er lítið að velta mér upp úr því hvað gerst hefur og segi sjaldan „hefði“ heldur dreg af þessu mikinn lærdóm. Ég er tilfinningahlunkur en ég meina, það eru engin leiðindi. Mér þótti ótrúlega vænt um ummæli Silju og síðan þykir mér frábært að hafa fengið bréf og póst frá fólki sem fór í ferðalag eftir mína hvatningu og sagðist ekki hafa getað gert það án minna ráða. Ég er þakklát fyrir þetta tækifæri og dæmi hver fyrir sig, bókin á að vera til í betri bókabúðum. Ég útiloka ekki aðra bók en þá verður margt gert öðruvísi en ég held að ég geri bíómynd fyrst,“ segir hún með dularfullum rómi.

„Ég hef verið að vinna að handriti í nokkur ár og verð að fara að finna mér tíma til að klára það. Geri ráð fyrir að það þarfnist andlitslyftingar þar sem það er líklega farið að slá aðeins í það.“

## Hlakkar til að útskrifast

Um þessar mundir er Andrea að ljúka meistaranámi í mannauðsstjórnun við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. „Námið hefur verið ótrúlega gefandi en það má kannski segja að mér hafi stundum liðið eins og fíl í kristalsverslun þar sem einstaklingshyggja er áberandi innan mannauðsstjórnunar. Ég gef nefnilega lítið fyrir einstaklingshyggju þar sem sumir eru jafnari en aðrir. Ég hef upplifað valkvíða þegar ég hef þurft að velja á milli spennandi námsleiða og námskeiða. Áhugasvið mitt er breitt og mig grunar að ég sé ekki hætt. Próf er ein súrsætasta tilfinning sem ég hef kynnst; eftir síðasta próf á önn eða skil á stóru verkefni fæ ég svaðalegt kikk og upplifi sæluvímu. Ég er mikið fyrir að fá tíu.“

Þrátt fyrir það er hún ekki búin að ákveða hvað hún ætlar að verða þegar hún verður stór.

„Mig grunar að ég eigi eftir að vinna í starfsmannamálum eða við einhvers konar hönnun. Það er margt sem kemur til greina þar sem ég hef mikinn metnað fyrir hönd míns sjálfs en einnig fyrir hönd annarra.“

## Fór út af sporinu

Það er vel á annan áratug síðan fótleggir Andreu voru meðal annars valdir flottustu leggirnir í Fegurðarsamkeppni Íslands. Áratug síðar hefur hún allt aðrar skoðanir.

„Það má frekar segja að ég hafi farið út af brautinni. Ég var helvíti gott efni í femínista en síðan grunar mig að ég hafi dottið á hausinn. Ég sé samt ekki eftir neinu sem ég hef gert því það hefur gert mig að því sem ég er í dag. Ég hefði þó stundum átt að hlusta betur á eigið brjóstvit og síðan hefði verið helvíti huggulegt að hafa fundið orðin fyrr en það gerði ég í kynjafræðinni. Mér líður betur í eigin skinni með aldrinum og hef mikinn áhuga á að berjast fyrir viðurkenndri samfélagsstöðu kvenna og fullu jafnrétti. Samkvæmt bókstafnum eru íslenskar konur nú vel varðar lagalega séð fyrir kynjamisrétti en niðurstöður rannsókna sýna fram á stöðnun og bakslag. Ég sit í stjórn Unifem sem er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og finnst mikilvægt að leggja mitt af mörkum. Árið 2000 dóu fimm konur á Indlandi



dag hvern vegna „slysabruna“ í eldhúsi sem eiginmenn eða tengdaforeldrar ollu, tvær milljónir stúlkna eru umskornar á hverju ári og talið er að ofbeldi gegn konum dragi jafnmargar konur til dauða á alheimsvísu og krabbamein. Meðan að ástandið er svona finnst mér full ástæða til að ljá krafta mína í baráttunni fyrir betri heimi.“

Þótt Andrea sé rétt skriðin yfir þrítugt hefur hún verið lengi í umræðunni. Hún var mjög áberandi í skemmtanalífinu og það var varla hægt að opna blað nema að rekast á mynd af henni.

„Það er ekki eins og ég hafi verið alveg: „Hei, hér er ég – taktu mynd!““ segir hún og hlær og bætir við: „Að stórum hluta held ég að þetta tengist fjölmiðlastarfinu þar sem erfitt er að neita um viðtal þegar þú vinnur sjálf við að fá fólk í viðtal. Svo stjórnar þú umræðunni ekki beint sjálf. Ég komst snemma inn á skemmtistaðina, var á undan í skóla, oftast með eldra fólki og fullorðinsleg miðað við aldur. Það var ávísun á inngöngu á skemmtistaðina. Mér finnst ég hafa verið svo lengi til. Ætli fólk haldi ekki bara að ég sé sextug eða eitthvað.“

## Ertu hætt að djamma?

„Nei, nei, en að vakna snemma um helgar er snilld og ég vil frekar eiga innileg samtöl og vera í matarboði með góðum vinum í heimahúsi eða á næsta bæ. Mitt djamm er ekki endilega að vera full í glansgalla í miðbænum eða díla við slefandi fólk á skemmtistað. Það er samt nauðsynlegt annað slagið.“

Í gegnum tíðina hefur Andrea verið fastagestur á listum yfir best klæddu konur landsins. Hún segist þó alls ekki eyða miklu í föt en hennar fatamottó er að föt séu ekki dýr ef þau eru bara notuð nógu mikið.

„Ég kaupi alveg meiri háttar lítið af fötum. Ég breyti og hanna slatta sjálf og finnst það gaman. Er dugleg að blanda og svo er ég svo heppin að vera Þórhallur miðill þegar kemur að fötum, ég veit yfirleitt hvað er í tísku eftir tvö ár. Þannig hefur það alltaf verið og því fæ ég oft föt á mörkuðum og annars staðar á klink. Fatnaður er mjög merkingarbær og ég er meðvituð um að samfélagið tekur á móti manni á ólíkan máta eftir útliti og klæðaburði. Mér finnst gaman að vera í fötum sem ekki allir eru í, annars er ég lítið að hamast í lúkkinu og legg áherslu á þægindi. Flottasta útkoman er þegar ég tek mig til á örskotsstundu.“

Þegar hún er spurð út í hvernig við hinar eigum að vera í vetur mælir hún með fötum í anda Jacqueline Kennedy og Audrey Hepburn. Þá vitum við það!

*martamaria@365.is*

Italsofa

The Italian touch
nýjar sendingar af sófasettum og hornsófum


Verð kr. 332.000.-
Leðurhornsófi


Verð kr. 310.000.-
Leðurhornsófi 2+H+2


Verð kr. 250.000.-
Leðurhornsófi


Verð kr. 329.000.-
Leðursófasett 3+1+1


Verð kr. 222.000.-
Sófi með tungu og skemmli.


Verð kr. 228.000.-
Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm


Verð kr. 290.000.-
Leðursófasett 3+1+1.


Verð kr. 330.000.-
Leðursófasett 3+1+1.

Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

Italsofa Frábært verð og gæði
The Italian touch

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

# HEITUSTU PIPARSVEINAR LANDSINS



## PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON LEIKARI

Glaðlegi grínarinn Pétur Jóhann Sigfússon hefur ekki enn fundið hina einu sönnu ást í lífinu. Sagt er að hláturinn lengi lífið og eitt er víst að sú heppna mun lifa vel og lengi með Pétri. Pétur hefur heldur betur slegið í gegn sem leikari og er nú tilnefndur til Edduverðlaunanna fyrir stjörnuleik sinn í Næturvaktinni. Pétur þykir afar heillandi og uppátækjasamur og er góður karlkostur fyrir hverja hláturmilda konu og hver veit nema að hann bregði sér í líki villikattarins góðkunna á góðum degi, eitt er víst að sá villiköttur inniheldur ekki margar kaloríur.

## VIGNIR SVAVARSSON HANDBOLTAMAÐUR

Hann er ekki bara handboltakappi heldur Hafnfirðingur og golfari með meiru og hefur heillað marga stúlkuna með töktum sínum innan vallar sem utan. Hann þykir með eindæmum myndarlegur og ekki spilla breiðar karlmannlegar axlir fyrir honum. Vignir hefur mikla unun af mat og matargerð og því gæti leiðin að hjartanu farið í gegnum magann. Faðmur hans er efalaust einn af þeim heitustu á landinu og sú kona sem mun krækja í hann verður ekki svikinn enda toppleikmaður á ferð sem reikar einsamall um enn sem komið er.






## KARL SIGURÐSSON BAGGALÚTUR

Baggalúturinn glaðhýri, Karl Sigurðsson, eða Kalli eins og hann er kallaður, hefur boðað alla íslensku þjóðina með sér í gamlárspartí við miklar vinsældir án þess þó að rekast á yngismey sem hann hefur viljað fagna með næstu 30 áramótum eða svo. Ómþýð rödd hans og glaðleg augun bræða hverja þá konu sem kynnist Baggalútnum síkáta og ætti hann að geta sungið sig inn í hjarta hverrar tengdamóður án þess að blikna.

## ORRI HAUKSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

Framkvæmdastjórinn Orri Hauksson kemur ár sinni vel fyrir borð hvar sem hann stígur fæti. Hann var á sínum tíma aðstoðarmaður forsætisráðherra í tíð Davíðs Oddssonar og er fyrrverandi framkvæmdastjóri Símans og er nú eigandi Tæknivara. Orri þykir einstaklega vel gefinn og kemur vel fyrir sig orði. Hann er mikill aðdáandi hljómsveitarinnar Duran Duran og því gæti hliðartagl og snefill af 80's stemningu hitt Orra beint í hjartastað.





## MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON LEIKHÚSSTJÓRI

Hann er búinn að sanna sig en hann var lengi ein af vonarstjörnum íslensks leikhússlífs. Gárungar segja hann næsta Borgarleikhússtjóra en það verður tíminn að leiða í ljós. Eftir að Magnús fluttist norður um heiðar hefur aðsókn í leikhúsið þar margfaldast og þykir hann mikill kraftaverkamaður í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur. Svo spillir útlitið ekki fyrir honum. Sú kona sem mun vinna hug og hjarta leikhússtjórans mun eiga blómlegt og fagurt leiksvið fyrir höndum í framtíðinni.



## GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON ATHAFNAMAÐUR

Galdrakarlinn oftast kenndur við Oz hefur ekki framið ástargaldurinn í lífinu. Hann hefur hins vegar náð langt í tölvubransanum og hefur heldur betur rétt úr kútnum eftir að Oz-ævintýrið leið undir lok. Guðjón festi kaup á Næpunni í Þingholtunum fyrir nokkrum misserum, sem endurspeglar fágaðan smekk hans og næmt auga. Galdrahöllin þykir eitt fegursta hús Reykjavíkur og ætti að rýma mikið af ást.

## FJÖLNIR ÞORGEIRSSON ATHAFNAMAÐUR

Hestamaðurinn Fjölnir Þorgeirsson er sannur íslenskur víkingur. Hann hefur marga fjöruna sopið þegar kemur að kvennamálum og þekkir kvenmannshjartað af dýpstu raun. Fjölnir þykir herramaður af guðs náð og ekki spillir karlmannlegur vöxtur hans, sem lætur hverja konu kikna í hnjánum. Á meðan Fjölnir riddari þeytist um á hvíta hestinum einsamall ætti engin kona að örvænta.



**Það þýðir ekkert fyrir kvenpeninginn að kvarta yfir dræmu úrvali á markaðnum. Sirkus tók saman heitustu piparsveinana og eins og listinn sýnir þá eru engar smámurtur í boði heldur stórlaxar.**




## JÓN ARNÓR STEFÁNSSON KÖRFUBOLTAMAÐUR

Körfuknattleikskappinn Jón Arnór Stefánsson er talinn einn af efnilegustu íþróttamönnum sem Ísland hefur getið af sér. Jón Arnór hefur sagt skilið við Ameríkuna og NBA-deildina og leikur nú körfuna í mekka Húlíóanna, Róm á Ítalíu, þar sem hann gefur hinum súkkulaðibrúnu sísætu töffurum ekkert eftir. Kappinn þykir svo heillandi og myndarlegur að stúlkur hafa sett mynd af piltinum á desktoppið hjá sér og sumar hverjar hafa sofið með mynd af honum undir koddanum.



## GUÐMUNDUR ARNARSSON, RITSTJÓRI GOLFBLAÐSINS

Hann hefur ekki slegið hina einu réttu holu í lífinu enn þá en hefur sveiflu sem leynist engum þeim sem til hans þekkja. Hann þykir hrókur alls fagnaðar á mannamótum og vinirnir sogast að honum. Guðmundur er ekki bara fjallmyndarlegur heldur er hann með höfuðið rétt skrúfað á þegar kemur að húmor og orðheppni. Þeirri sem krækir í Guðmund ætti ekki að leiðast eina mínútu.




## Á morgun, laugardag.

# Kántrýball að hætti Klaufanna

**Staður: Ásvellir Hafnarfirði (Haukahúsið).**

Klaufarnir frá Selfossi. Gáfu út plötuna
*„Hamingjan er björt“* nú í sumar og er lagið *„Búkalú“*,
af þeirri plötu, eitt mest spilaða lagið í útvarpinu.





**Gestasöngvarar:**
Birgitta Haukdal og Tamra Rosanes sem er frægasta kántrýsöngkona Dana og mjög þekkt víðar.

**Kynnir:**
Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari, tónlistarmaður og umfram allt kúreki.
Íslenskir kúrekar mæta á svæðið.

**Tími:** 23.00 opnar húsið.
Tónleikarnir eru sendir beint út á Rás 2 og hefst útsending 00.15
Veitingar seldar á staðnum.

RÁS 2

**sirkus STJÓRINN**

## Hverjir voru hvar

Helgin var þéttsetin hjá sirkusstjóranum sem hefði ekkert haft á móti einu ullarsirkustjaldi eða svo til að ylja sér á þegar ferðast var á milli staða síðustu helgi.



Það var fjölbreytt mannhaf á Boston sl.föstudagskvöld og margir sem sóttu þar í brjóstbirtu og hlýju. **Friðrik Sophusson** leit þar inn með dóttur sinni, Gabríelu Friðriksdóttur myndlistarmanni og Baggalúturinn Karl Sigurðsson var þar í góðum gír. Dansleikur Heimilistóna sem fór fram í Iðnó á laugardagskvöldið hleypti heldur betur blóðinu af stað í æðum sirkusstjórans. Hljómsveitarmeðlimirnir, leikkonurnar Elva Ósk, Katla Margrét, Ólafía Hrönn, Vigdís Gunnars og Ragga Gísla, skörtuðu sínu fegursta eins og þeirra er von og vísa og héldu uppi miklu stuði ásamt góðum gestum. Þær stöllur Elma Lísa Gunnarsdóttir og Edda Eyjólfsdóttir leikkona stigu trylltan „gógó"-dans með bandinu og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona tók lagið við mikla hrifningu viðstaddra.



Rokkdrottingin **Andrea Jónsdóttir** lét ekki sitt eftir liggja og þeytti skífum í pásum hljómsveitarinnar. Grænmetisdrottingin Valentína Björnsdóttir hjá Móður náttúru sýndi flotta takta á dansgólfinu. Leikararnir **Björn Hlynur**, Kjartan Guðjóns, **Nína Dögg** og Edda Arnljóts létu þetta samkvæmi ekki fram hjá sér fara og stjörnulögfræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson sem hafði pússað dansskóna svo um munaði.





Eftir svita og hita hélt sirkusstjórinn á Ölstofuna, en þar sást til Silju Hauksdóttur leikstýru og Hörpu Þórsdóttur, framleiðanda hjá Saga film. Þegar líða tók á nóttina skaut Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður inn kollinum og hleypti hressum straumum inn á ölið sem var annars frekar rólegt þetta kvöld.

# Opnun á IPK Heimili og hugmyndir

Verslunin IPK Heimili og hugmyndir var opnuð í vikunni með pomp og prakt. Verslunin selur vandaðar heimilisvörur á viðráðanlegu verði. Margt var um manninn á opnuninni og notalegt andrúmsloft verslunarinnar umvafði gesti og gangandi.



**OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI** Mikið hefur verið lagt í umgjörð verslunarinnar og góðar hugmyndir leynast í hverju horni.

MYNDIR/VÖLUNDUR



**OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI** Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður og austurríski vínbóndinn Hubert Sandhofer skáluðu í eðalvíni ræktuðu frá Hubert sjálfum. Það er gaman að sjá hvernig Kristín brýtur upp svartan klæðnaðinn með þessu rómantíska armbandi og hringnum sem hún ber.




**OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI** Björg Þórhallsdóttir óperusöngkona og Steinunn Birna Ragnardóttir píanóleikari stilltu saman strengi sína.



**OPNUN VERSLUNAR, HUGMYNDIR OG HEIMILI** Ástin skein af Ragnhildi Gísladóttur og Birki Kristinssyni. Takið eftir undurfögru hálsskrauti Ragnhildar.

GUCCI

## Pinnahælar eru ekki búnir að vera





MYNDIR/ GETTY IMAGES

Á tískuvikunni á Ítalíu á dögunum sýndi ítalska hátískumerkið GUCCI vorlínu 2008. Það vakti athygli hvað pinnahælar voru áberandi en margir tískuspekúlantar voru búnir að úrskurða þá dauða. Nei, aldeilis ekki, GUCCI lýgur ekki. Á sýningunni var líka mikið um bleika tóna, stuttar buxur og dömuleg snið. Glamúrgellur sem elska pinnahæla og bleika liti geta því glaðst allhressilega yfir þessum fregnum.

## Helgin mín



### Afmælisþema um helgina

„Ég verð með lítið matarboð á laugardaginn þar sem ég átti afmæli í vikunni. Síðan ætlar maðurinn minn að bjóða mér út að borða á sunnudaginn af sama tilefni. Hver veit nema að maður skelli sér í sund, það er svo gott svona um helgar."

**BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR, BLAÐAMAÐUR Á ÍSAFOLD.**



### Aðallega vinnuhelgi

„Helgin mun einkennast mest af vinnu hjá mér. Ég er að sýna í Borgarleikhúsinu í sýningunni „Viltu finna milljón?" og önnur sería Sigtisins (þriggja diska eðalútgáfa) kemur út á DVD núna 1. nóvember og af því tilefni munum við Sigtis-bræður hittast og leggja á ráðin um hvernig sé vænlegast að herja á landann. Ef tími gefst mun ég síðan reyna að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni."

**GUNNAR HANSSON, LEIKARI OG ÞÁTTASTJÓRNANDI.**

# TAKTU LAUGARDAGINN FRÁ



## CULT OG SMIRNOFF
## KYNNA DJ SIMON OG DJ DAÐA FRÁ KÖBEN Á

# OLIVER

## NÚNA LAUGARDAGINN 3. NÓVEMBER!

**CULT, SMIRNOFF OG CAFE OLIVER...FULLKOMIN BLANDA**




OLIVER
BAR CAFÉ GRILL
www.cafeoliver.is
cafeoliver@cafeoliver.is

# Mælum með



„Ég mæli með Fair trade-búðinni. Með því að versla fair trade-vörur er maður að stuðla að því að fólk annars staðar í heiminum fái mannsæmandi laun fyrir vinnuna sína, auk þess sem hluti af hagnaðinum fer í að byggja upp samfélögin þar sem vörurnar eru framleiddar. Fyrir utan það hve málstaðurinn er góður þá er þetta líka vönduð og falleg vara.“

**ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR BACHMANN**
**leikkona.**



„Ég mæli með því að fólk skelli sér á Hótel Búðir og njóti náttúrunnar og matarins þar. Þar er himneskt að vera, sérstaklega eftir að snjórinn kom í fjöllin. Maturinn á Búðum er yndislegur og get ég mælt með kenjum kokksins sem er ævintýralegur góður matur. Svo er einstaklega skemmtilegt að hlusta á yfirþjóninn því hann veit hreinlega allt um vín.“

**ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR**
**leikkona.**



„Mæli með OSushi the Train í Iðuhúsinu. Ég reyni að borða fisk reglulega og fátt jafnast á við gott sushi. OSushi hefur bætt matarmenninguna á Íslandi með frábæru sushi sem er á góðu verði. Fljótlegt og hollt í hádeginu.“

**DAGMAR UNA ÓLAFSDÓTTIR**
**verslunarkona.**



„Ég mæli með myndinni The Secret. Þetta er frábær mynd sem allir ættu að sjá og fara eftir. Þetta er leyndarmál sem við ættum öll að vita af.“

**KARL BERNDSEN**
**förðunarfræðingur.**



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

WWW.KLINGENBERG.IS

# Fallegasta sál landsins

„Einar Bárðarson er ein fallegasta sál þessa lands,“ segir Sigríður Klingenberg um athafnamanninn. „Einar er andleg týpa, dálítið dulrænn, næmur á fólk og getur þar af leiðandi veðjað á réttan hest þegar þar að kemur. Hans helsti veikleiki er að hann segir já við alla og tekur stundum að sér meira en góðu hófi gegnir. Hann hefur ómælda bjartsýni fyrir öllu sem hann tekur sér fyrir hendur og þess vegna gerast hlutirnir hjá honum. Hann hefur stundum eytt of miklum peningum í bjartsýnisköstin sín svo það hefur verið hans helsta áhyggjumál. Þetta er hins vegar komið til með að leysast 1,2 og 3 þar sem hinir ýmsu fjárfestar eiga eftir að hafa mikinn áhuga á honum og sjá hversu mikill prýðispiltur þetta er. Fley hans mun sigla seglum þöndum um allan heim þar sem hann mun negla á himnafestingarnar hinar ýmsu stjörnur sem eiga eftir að þakka honum mikinn part í frama sínum og lífi. Einar er fram úr hófi rómantískur og miðað við talna- og stafaspeki FRÁBÆR elskhugi, bæði hugmyndaríkur og lipur í sekknum. Hann er að fara á strembið ár á næstunni, þar sem hann þarf að læra að fá aðra til að vinna því hann á bara að stjórna. Hann mun líka stofna nýtt fyrirtæki sem gæti starfað á erlendri grundu og verður það happadrjúgt. Halelúja, Einar Bárðarson.“



**EINAR BÁRÐARSON „Einar er fram úr hófi rómantískur og miðað við talna- og stafaspeki FRÁBÆR elskhugi, bæði hugmyndaríkur og lipur í sekknum,“ segir frú Klingenberg um athafnamanninn.**

VALLI SPORT OG SIGGI HLÖ ERU PLÖTUSNÚÐAR Á DISKÓKVÖLDI Á GAUKNUM

# Fengu nýtt hár

**Stuðpinnarnir Siggi Hlö og Valli sport hafa engu gleymt þótt hárið sé farið að hvítna í vöngum. Á morgun ætla þeir að troða upp á Gauki á Stöng með ógurlegu diskóballi þar sem þeir setja sig í stellingar plötusnúða. Af því tilefni létu þeir klippa sig í anda diskótímans.**

**„Við vorum fengnir til að spila á Queen-kvöldi á Players um daginn þar sem Eiríkur Hauksson, Magni og Jónsi voru að syngja og við að DJ-ast á undan og í hléi. Stemningin var svo gríðarleg, en það mættu um þúsund manns á þessa uppákomu, að okkur langaði til að gera eitt stórt ball eins og í gamla daga,“ segir Valli sport og bætir við að þetta sé svona „Leikhúskjallarastemning“ fyrir þá sem muna eftir því.**



**„Við erum í þessu til að skemmta fólki og fíflast, hoppa og láta öllum illum látum. Hjá okkur mega menn vera asnalegir og sleppa sér. Enginn þarf að reyna að halda kúlinu, það tapa því flestir strax hvort sem er þegar fjörið byrjar. Við munum gefa 500 fyrstu gestum kvöldsins geisladiskinn með nýju syrpunni okkar ásamt því að þeir sem mæta snemma fá að smakka Gordon's Space-drykkinn og hlusta á Kidda Bigfoot sem mun hita upp fyrir okkur.“**

**Þeir félagar lofa því að vera í karakter allan tímann en fyrr í vikunni fóru þeir í ekta diskóklippingu en þeir voru búnir að safna hári í þónokkurn tíma.**

**„Siggi tekur þetta aðeins meira út í tískupönkið sem var í gangi um 1984. Báðir höfum við verið með mottu í meira en mánuð og blöndum þessu saman við mottukeppni auglýsingastofunnar Pipars, en þar eru allir karlmenn með mottu þessa dagana. Mottukeppnin endar á þessu kvöldi og er frítt inn fyrir alla sem eru með mottu.“**

**Þeir félagar segjast finna fyrir miklum spenningi vegna diskókvöldsins enda ekki á hverjum degi sem Hollywood-kynslóðin fær að sletta úr klaufunum á dansstöðum bæjarins.**

**„Það hafa margir þekktir einstaklingar boðað komu sína og það er aldrei að vita hver tekur lagið og hver tekur í græjurnar,“ segir Valli alsæll með nýju hárgreiðsluna sína.**

*martamaria@365.is*



**MEÐ MOTTU OG ALLT** Valli sport og Siggi Hlö eru farnir að hlakka til kvöldsins en þeir lofa því að margir þekktir einstaklingar muni verða á svæðinu.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HANNES HEIMIR VIRÐIST ÓSIGRANDI EN HANN HEFUR UNNIÐ SEX MÓTHERJA. HELGI SELJAN Á HINS VEGAR METIÐ, 8 SIGRA. HÉR REYNIR STEINN ÁRMANN VIÐ HANNES.

**1. Hvað heitir þriðja sólóplata Mugison?**
**2. Hver skrifaði bókina Verónika ákveður að deyja?**
**3. Hvaða ár hóf Stöð 2 útsendingar?**
**4. Hvaða kvikmynd fékk flestar Eddutilnefningar í ár?**
**5. Hverjir eru Brooklyn, Romeo og Cruz?**
**6. Hver stjórnar þættinum Ertu skarpari en skólakrakki á Skjá einum?**
**7. Hver leikur aðalhlutverkið í The Heartbreak Kid?**
**8. Hver var nýlega ráðinn knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Bolton?**
**9. Hver er söngvari Metallica?**
**10. Hvenær var fyrsti vetrardagur?**

**Rétt svör: 1.** Mugiboogie. **2.** Paulo Coelho. **3.** 1986. **4.** Veðramót (11 tilnefningar). **5.** Synir Beckhamhjónanna. **6.** Gunnar Hansson. **7.** Ben Stiller. **8.** Gary Megson. **9.** James Hetfield. **10.** 27. október.



## Hannes Heimir 9 RÉTT SVÖR

1. Mugiboogie.
2. Paulo Coelho.
3. 1986.
4. Veðramót.
5. Börn Davids og Victoriu Beckham.
6. Gunnar Hansson.
7. Ben Stiller.
8. Gary Megson.
9. James Hetfield.
10. 15. okt.



## Steinn Ármann 6 RÉTT SVÖR

1. Mugiboogie.
2. Ekki hugmynd.
3. 1985.
4. Veðramót.
5. Beckham-drengirnir.
6. Gunni Hansson.
7. Ben Stiller.
8. Veit ekki.
9. Veit ekki.
10. 15. september.

Hannes Heimir heldur sigurgöngu sinni áfram. Hannes fékk 9 stig af tíu mögulegum á móti sex stigum Steins Ármanns. Steinn Ármann skorar á Davíð Þór Jónsson svo Hannes má taka á honum stóra sínum í næstu viku. Fylgist með.

# LAGERSALA Í 4 DAGA

# 70-85% afsláttur

## í verslun okkar Faxafeni 12, 2. hæð

| | | |
|---|---|---|
| **Dömur og herrar:** | Vind- og vatnsheldir jakkar | 4.500 kr. |
| | Vind- og vatnsheldar buxur | 3.000 kr. |
| | Sweat peysur | 2.000 kr. |
| | Flíspeysur og flísvesti | 3.000 kr. |
| | Léttir jakkar | 2.500 kr. |
| | Dúnúlpur | 8.000 kr. |
| | Húfur og vettlingar | 1.000 kr. |
| | Stuttermabolir | 500 - 1.000 kr. |
| **Krakkar:** | Vind- og vatnsheldir jakkar | 3.000 kr. |
| | Sweat peysur og buxur | 1.000 kr. |
| | Flauelisbuxur | 1.000 kr. |
| | Pollajakkar | 1.000 kr. |
| | Húfur og vettlingar | 500 kr. |

**Opið:**
**Fimmtudag og föstudag 9-18 | laugardag 10-16 | sunnudag 12-16**

**www.66north.is**
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32

**Klæddu þig vel**

66° NORÐUR

# Panasonic




## KYNNINGARTILBOÐ

**PANASONIC 32" LCD SJÓNVARP MEÐ 100Hz MYNDTÆKNI**

Vreal2

**Vreal2** Full Digital myndvinnsluörgjörvinn frá Panasonic tryggir framúrskarandi myndgæði hvort sem verið er að horfa á hefðbundna útsendingu eða mynd í háskerpu.

100Hz motion picture pro

**100Hz Motion Picture Pro** tryggir að hröðustu myndir eða íþróttaleikir verða skýrir og skarpir.

VIERA LINK

**Viera Link** tryggir að hægt er að nota eina fjarstýringu fyrir mörg Panasonic tæki og þannig má stýra heimabíói, DVD spilara og sjónvarpi á einfaldari hátt.

**Panasonic TX32LX70F** tækið er að auki hlaðið búnaði svo sem vönduðu hljóðkerfi, snúningsstandi og mörgu fleiru.

SJÓNVÖRP
HEIMABÍÓ
HLJÓMTÆKI
DVD SPILARAR
BLUE-RAY SPILARAR
HÁSKERPU TÖKUVÉLAR
MYNDAVÉLAR

OG FLEIRA OG FLEIRA OG FLEIRA

**VERÐ 139.990**
**FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ**

**Panasonic** *NÚ FÁANLEGT HJÁ OKKUR!*
*HÁGÆÐA RAFTÆKI OG ÞJÓNUSTA*

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.




**Andrea**
Ég spái í spil, bolla og kristalskúlu. Verð stödd í bænum frá 7/11 til 12/11. Símapantanir í 691 0283.

**661 3839 - Símaspá**
Fast verð. ATH. stgr. Opið virka daga 17-23 og um helgar 13-23.

**Óskaspá**
Opið frá 17-23 alla daga. Sími 901 5060. Geymið Auglýsinguna.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Trésmíði

**Húsasmíðameistari**
Getum tekið að okkur verkefni vegna tímabreytinga á verkum. Uppl. í síma 663 5555 eða senda inn nafn, símanúmer og uppl. um verk á gpals@internet.is

## Önnur þjónusta

Getum bætt við okkur verkefnum t.d. flísalagnir, parket og málningavinnu ofl. nánari uppl. í síma 846 9424 Valgerður 898-7126 Bjarni 899 4443 Jón Aðalfell ehf

# HEILSA

## Snyrting



GIGI 100% lífrænt hunangsvax. Mest selda vaxið Naglaskóli og heildverslun Icelandicbeauty

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Langar þig til þess að ná tökum á þyngdinni, líta ótrúlega vel út, losna úr sófanum og hafa næga orku til þess að fara í ræktina? Flottari kroppur og heilbrigðari lífsstíll. Hafðu samband. Árangur með Herbalife. Gerður 865 4052 & Hanna 892 4284.

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



til sölu bulldog hvolpar,ættb.hrfi upplýsingar í síma 8699702 og boli.is



Til sölu gullfallegir Beagle hvolpar. Foreldrar innfluttir frá Danmörku, afkomendur margverðlaunaðra hunda. Tilbúnir til afhendingar örmerktir og með ættbók HRFÍ. Uppl. 663 2712



Papillon stelpa til sölu ættbókafærð frá Íshundum. sími 863 8596.



Chihuahua hvolpar til sölu. Einungis á góð heimili. Mjög sanngjarnt verð. Barn og hundvanir. Uppl í s 866 5310.

Yndistlega fallegur og blíður, loðinn Cuvooooa strákur sem elskar börn selst á 60 þús. Sími 697 6364.

## Húsgögn

Ýmislegt fyrir heimilið til sölu vegna brottflutnings. Uppl. í s. 693 5483.

Til sölu vegna fluttnings. 2ja sæta leðursófi, 2 stólar, borð og veggsamstæða. Fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 849 2554.

## Málverk

Ýmis falleg málverk til sölu, t.d. eftir Tolla o.fl. Uppl. í s. 693 5483.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

NOVOS
Erum með flottar íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík. Kíkið á heimasíðu okkar: **www.novos.is** eða hafið samband í síma 420-9515.

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

**Íbúðir til leigu!**
Nokkrar íbúðir lausar eða losna fljótlega nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.leigulidar.is

103 fm, 3ja - 4ra herb. íbúð til leigu á Seltjarnarnesi. Sérinngangur, leiga 120 þús. á mán. Laus strax. Leigutími til maí. Uppl. gefur Guðmundur í s. 894 6022.

2 HÚS TIL LEIGU ALICANTE SPÁNI 8-10 manns stutt á Strönd, Golf og m.fl. Bókaðu hjá okkur.6951239 www.spanarhus.com

Til leigu 2 herbergja íbúð í Árbænum, leiga er kr. 107 þús á mán með hússjóð og hita, einnig þarf að greiða kr. 321 þús í peningum sem tryggingu. uppl í S. 898 3420.

**Keflavík**
Til leigu 3ja herb. 90 fm raðhús í Keflavík með bílskýli. Verð 85 þús. Uppl. í síma 897 0010.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð í norðurbænum í Hfj. til leigu. Uppl. í s. 692 3414.

Maður á þrítugsaldri auglýsir eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu á sv. 101 Skilvísum greiðslum heitið. S. 693 6911

Mjög traustur leigutaki óskar eftir 4ra herb. íbúð í Salahverfi eða nágr. (Kóp). S. 696 1855.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu atvinnuhúsnæðu/lagerhúsnæði við Auðbrekku í Kópavogi, stærð 320 fm. Að mestu eitt opið rými með ágætum innkeyrsludyrum.**
**Upplýsingar í síma 864 4949.**

**Verslunar/skrifstofuhúsnæði til leigu**
Um 90fm verslunar/skrifstofuhúsnæði við Kleppsmýrarveg. Gott verð. Nánari uppl. í s. 581 4000.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Geymsluhúsnæði. Stafnhúsa Eyrarbakka**
Húsbíla, hjólhýsi, báta ofl. ofl. Uppl. hjá Gísla í s. 899 1128.

**Tjaldvagna og fellihýseigendur ath.**
Hef til leigu pláss í skemmu í vetur, þurr og vel loftræst, sanngjarnt verð. Uppl. í s. 825 6369.

Bílskúr. Óska eftir að taka á leigu bílskúr eða geymslu, undir lager. Uppl. í s. 863 8909.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

Frábær orlofsíbúð á miðri göngugötunni á Akureyri til leigu.Verð;Fim-sun 20.þ., vikan 30.þ.. Uppl. 8678035

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

# TIL SÖLU






**Sælgætis og videohöllin Garðatorgi**
**Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki. Einnig vantar fólk í dagvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Einnig hægt að hringja í síma 565 6677.**

**NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - KRINGLAN**
**„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í nýtt bakarí okkar í Kringlunni strax. Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

SUBWAY

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ BAKARÍ

Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir. Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@internet.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

**Hrafnista Reykjavík**
**Aðhlynning.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.
Góð íslenska skilyrði.
Uppl. í síma 585-9529 og á hrafnista.is

**Hrafnista Hafnarfirði**
**Aðhlynning.**
Okkur vantar starfsfólk í aðhlynningu á helgarvaktir.
Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is

**Café Roma Kringlunni**
**Óskar eftir starfskrafti. Lágmarksaldur 20 ár. Góð laun og sveigjanlegur vinnutími í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.**

Sölumaður með reynslu óskast í heildverslun. Snyrtilegur og áreiðanlegur. Góð laun í boði, sveigjanlegur vinnutími. Vinnubíll. Uppl. í s. 663 4403

**Krambúðin Skólavörðustíg 42**
Vantar fólk á fastar dagvaktir. Fólk á öllum aldri kemur til greina. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

**American style**
Er það leikur einn að reka þitt heimili og skipuleggja þig og hjálpa öðrum í kringum þig? American Style er að leita að kraftmiklum kvöld- og helgarrekstrarstjóra. 100% laun fyrir 75% vinnu. Lágmarksaldur: 25 ára. Gæti hentað vel með háskóla.

**Bónstöð**
Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast á bónstöð. S. 895 8873.

**HENDUR.IS**
Vantar stóran hóp fólks til að þrífa verslun frá 5-7 nóvember frá 16 - 21. Uppl. á www.hendur.is

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

## Atvinna óskast

**HENDUR.IS**
Þarftu aðstoð. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólkið á rétta verðinu. Uppl. á www.hendur.is

22 ára stúlka óskar eftir 50% vinnu fyrir hádegi. Dugleg og samviskusöm. Uppl. í s. 865 8784.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

KORPART

KorpArt-hópurinn á Korpúlfsstöðum opnar vinnustofur sínar laugard. 3.nóv. kl. 12-16. Gestum gefst tækifæri til að skoða verk listamanna og hönnuða, sem eru til sýnis og sölu. Í vetur er opið hús á Korpúlfsstöðum fyrsta laugardag í mánuði. Sjá nánar á vefsíðunni korpart.is

## Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.


vísir.is
Fyrstur með fréttirnar


# Jólakort Hringsins 2007
Myndin á jólakortinu 2007 er eftir Kolbrúnu Sigurðardóttur og heitir „Barnagaman".

Kortin eru seld í 5 og 10 stk. pökkum með hvítum umslögum á kr. 500 eða kr. 1000 pakkinn. **Sölustaðir eru:** Lyf og heilsa, Barnaspítali Hringsins, Blóðbankinn, Melabúðin, Hjá Hrafnhildi, Blómaval og fleiri staðir.
Einnig er hægt að senda pöntun í tölvupósti á póstfangið: hringurinn@simnet.is.
Þá má lesa inn pöntun á símsvara félagsins í síma 551-4080.

***Allur ágóði rennur til styrktar veikum börnum á Íslandi.***

Auglýsingasími
512 5050


- Mest lesið





# Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði sem getur leyst af sem yfirvélstjóri á Sighvati GK 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar eru gefnar hjá skipstjóra í síma 852-2357

*Viking Fjord AS (H111) er eigd av Alsaker Fjordbruk og er eit av Vestlandets største slakteri for laks og aure. Det er plassert på Sunde i Kvinnherad, og er eit moderne slakte- og pakkeanlegg med ein kapasitet på 80 tonn pr skift. Bedrifta sysselset i dag om lag 50 pers. Sjå også www.alsaker.no.*

Grunna auka aktivitet i Viking Fjord AS (H111) søkjer me etter;

## Produksjonsformenn

**Arbeidsoppgåver**
- Personalleiing, opplæring og motivasjon
- Aktiv deltaking i produksjon
- Avlaste og rapportere til fabrikksjef

**Kvalifikasjonar**
- Evne til å drive og organisere produksjonen til høg effektivitet
- Positiv, samarbeidsvillig og motiverande lagspelar
- Erfaring og/eller utdanning frå næringsmiddelsektoren kan vere ein fordel

**Me kan tilby**
- Utfordrande og krevjande stillingar i eit ungt og allsidig miljø
- Mogelegheit for fagleg utvikling
- Konkurransedyktige vilkår

For nærare opplysningar, ta kontakt med fabrikksjef Kjetil Haktorson tlf 53 47 01 62 eller 99 21 01 62.

Send søknad med CV innan 16.11.07 til:
Viking Fjord AS, Sundsvegen 119, 5450 Sunde i Sunnhordland,
eller til post.viking.fjord@fjordbruk.no

Alsaker Fjordbruk



# SKÍÐASVÆÐIN ÓSKA EFTIR REKSTRARSTJÓRA Í SKÁLAFELL 100% STARF

- Viðkomandi starfsmaður er ábyrgur fyrir daglegri stjórnun í Skálafelli, verkefnastýringu starfsmanna sinna, mannaráðningum o.fl. Einnig hefur viðkomandi skyldum að gegna í Bláfjöllum. Starfið er gríðarlega fjölbreytt og krefjandi. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna.

- **Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir:**
  Frábærri þjónustulund
  Geta unnið sjálfstætt
  Þekkingu og reynslu af verkefnastýringu
  Þekkingu og reynslu af iðnaðarstörfum hverskonar
  Hafi meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi
  Hafi burði til að vinna líkamlega erfiða vinnu
  Sé ekki lofthræddur
  Hafi ánægju af útiveru
  Einnig væri kostur ef umsækjandi þekkir til starfsemi Skíðasvæðanna

Aðrir kostir umsækjenda:
Iðnmenntun og tölvukunnátta

Eins og gefur að skilja er um nokkurskonar vertíðarvinnu að ræða. Mjög mikil vinna hluta úr ári.

Laun eru greidd skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar.

Áhugasamir vinsamlegast skilið inn umsókn og ferilsskrá til Magnúsar Árnasonar, framkvæmdastjóra Skíðasvæðanna, Pósthússtræti 3-5 101 Reykjavík eða í tölvupósti magnus@skidasvaedi.is

**Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember 2007.**

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is

TILBOÐ / ÚTBOÐ

# Útboð

Nautic ehf, fyrir hönd HB Granda hf, óskar eftir tilboðum í fyrirhugaðar breytingar á ms Örfirisey RE-4 / skipaskr. Nr.2170.

Breytingarnar felast í því, að nýtt stýri verður sett á skipið, svo og ný 3ja togvindan, ásamt tilheyrandi búnaði. Slipptaka er nauðsynleg vegan verksins.

Útboðsgögnin eru seld hjá Nautic ehf, Lágmúla 5, Reykjavík og kosta kr. 10.000,-

Tilboðin verða opnuð hjá Nautic ehf, þann 20. Nóv. 2007 kl.11 f.h.

FASTEIGNIR

Draumahús 530 1800

Föst lág söluþóknun

**ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?**

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága söluþóknun.
Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
**www.draumahus.is** eða hringdu í
síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

TILKYNNINGAR

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar og bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:**

**Langabrekka 2. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. júlí 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Löngubrekku 2 ásamt umsögn bæjarskipulags. Málsmeðferð var skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun dags. 5. október 2007. Athugasemdum var svarað með erindi dags. 10. október 2007.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 15. október 2007.

**Vatnsendahvarf - athafnasvæði. Svæði III. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann þann 9. október 2007 tillögu að deiliskipulagi við Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Svæði III. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og bygg–ingar–laga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2007.

**Vatnsendi – athafnasvæði. Urðarhvarf 2 og 4. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðar breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 16. ágúst 2007 tillögu að deiliskipulagi við Urðarhvarf 2 og þann 6. september 2007 fyrir Urðarhvarf 4.
Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. Skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2007.

**Vatnsendi – og deiliskipulag Vatnsendalands – Dimmuhvarfs, lóðirnar Dimmuhvarf 9, 9a og 9b. Breytt deiliskipulag**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðar breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 12. apríl 2007 tillögu að deiliskipulagi við Dimmuhvarfs, lóðirnar Dimmuhvarf 9, 9a og 9b.
Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. Skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 6. nóvember 2007.

**Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00**

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# Alltaf besta verðið flottasta úrvalið

GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ




























Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# *Spillir trúarbragðakennsla siðferðiskennd barna?*

**UMRÆÐAN**
Trúmál



BRYNJÓLFUR ÞORVARÐARSON

Í grunnskólum landsins er kennd námsgrein sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla nefnist „kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði“.

Af lestri námskrárinnar sést fljótt að einkum er átt við kristilega siðfræði. Hér er því ekki hlutlaus kennsla í siðfræði, t.d. eins og hún birtist í mannréttindasáttmála SÞ eða hjá grísku heimspekingunum. Kristið siðgæði sem byggir á vilja Guðs, ekki þörfum mannsins, og hlýtur því alltaf að vera takmarkað. En skoðum dæmi.

### Adam og Eva

Námsbók 6. bekkjar hefst á syndafallinu. Nemendur lesa biblíutextann, fyrstu Mósebók 3:1-23, söguna af Adam og Evu. Í umfjöllun um textann er fjallað um óhlýðnina og að Adam og Eva þorðu ekki að kannast við glæp sinn. Síðan fylgir stutt smásaga sem á að gerast í samtíma nemenda þar sem aftur er fjallað um hlýðni og að játa á sig syndir sínar. Loks er hugleiðing þar sem fjallað er um að við þurfum öll að velja og berum öll ábyrgð á okkar eigin lífi. Af því að við erum hluti af sköpunarverkinu þurfum við að halda okkur óspilltum eins og við viljum að náttúran sé.

Hér er siðferðið skilgreint sem ábyrgð mannsins gagnvart Guði. Við eigum að fylgja skipunum Hans, annars erum við að syndga. Námsefnið fjallar ekkert um aðkomu Guðs í dæmisögunni um Adam og Evu, sem væri þó mergurinn málsins ef um „hlutlausa“ dæmisögu væri að ræða. Af hverju vildi Guð ekki að við værum eins og hann? Af hverju sagði hann Adam og Evu að þau myndu deyja? Af hverju brást hann svona harkalega við út af einu epli? Eilíf fordæming og útskúfun hlýtur að vera ógnvekjandi í huga 12 ára barns. Í bókinni er málverk þar sem Adam felur andlit í greipum sér í ævarandi skömm en Eva veinar eins og skynlaus skepna.

Var refsingin í samræmi við glæpinn? Hver var glæpurinn? Var Guð vondur eða góður? Hvað meinar Guð þegar hann segir: „Sjá, maðurinn er orðinn einn af oss, þar sem hann veit skyn góðs og ills. Aðeins að hann rétti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins tré og eti, og lifi eilíflega!“ (I Mos, 3.22)

Námsefnið tekur aðeins á litlum hluta þeirra siðferðilegu álitamála sem felast í sögunni og margir nemendur taka eflaust eftir. Siðferðileg nálgun námsefnisins er í samræmi við guðfræðilega túlkun kristinna á sögunni, markmið námsefnisins er að efla kristinn skilning en ekki almennt siðgæði.

### Faraó drukknar

Í námsefni sem miðað er við 4. bekk grunnskóla er sagt frá því þegar Móses, með aðstoð Guðs, drekkti Faraó og hermönnum hans í Rauða hafinu. Myndin sem fylgir er dökkt og drungalegt málverk sem sýnir Ísraelslýð fagna og þakka Drottni á meðan Egyptar drukkna.

Námsefnið leggur líka áherslu á gleði Ísraelsmanna. Mirjam nokkur dansar um og slær á bumbur, lofar Drottin „því hann hefur sig dýrlegan gjört, hestum og riddurum steypti hann í hafið“. Þessi setning er tvítekin í námsefninu svo nemendur taki örugglega vel eftir.

Hvernig taka kennslubókarhöfundar á þessum atburði? Strax á eftir frásögninni er kaflinn búinn með setningunni „Þannig björguðust Ísraelsmenn undan Egyptum“. Fjöldadráp á hermönnum Faraós er ekkert rætt. Siðferðilegum spurningum sem gætu vaknað í huga 10 ára barns er ósvarað: Er rétt að drepa fólk? Er fjöldadráp á öllum óvinum rétta leiðin til að vinna stríð? Er rétt að fagna þegar óvinir deyja? Er Guð góður þegar hann drepur vont fólk? Er rétt að beita ofbeldi til að ná því fram sem maður vill? Hefði ekki verið betra að loka hafinu fyrir framan Egypta og forða þeim þannig frá dauða eða vildi Guð hefna sín – og var það gott og rétt?

Eins og sést er námsefnið verulega hæpið frá siðferðilegu sjónarmiði. Umfjöllun námsbókarhöfunda er langt í frá fullnægjandi. Niðurstaðan, í mínum huga, er veruleg hætta á skertri siðferðisvitund áhrifagjarnra nemenda enda gengur námsefnið út frá forsendum ævagamallar trúarbókar en ekki þörfum nútímans.

*Höfundur er með BS í tölvufræðum og stundar nám í sagnfræði við HÍ.*






# Blómin sem hurfu

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Ég fór ásamt fjölda manns að skoða undurfagrar myndir af blómjurtum í villtri íslenskri náttúru eftir Eggert Pétursson á Kjarvalsstöðum. Þetta voru málverk en ekki eftirmyndir af náttúrunni eins og hún er í dag, það er ekki hægt, því hún er rúin af blómgróðri vegna beitar búfjár um aldir. Jafnvel á örfáum friðuðum smáblettum, svo sem í Þjóðgarðinum og Skaftafelli, hafa ótal blómjurtir horfið á meðan þar var beitt. Þetta eru staðreyndir, sem eru til hjá Náttúrufræðistofnun sem gaf út vandað myndskreytt rit um íslenskar blómjurtir fyrir nokkrum árum, eftir margra ára rannsóknir. Þegar það var kynnt, kom í Morgunblaðinu grein sem bar nafnið „Váskýrsla“ þar var sagt frá því að ótal blómjurtir væru horfnar úr beitilandinu og á annað hundrað þyrftu gjörgæslu við.

Er þetta ekki sorgleg staðreynd? Nú skyldi maður halda að ráðamönnum sem létu okkur borga þessa dýru rannsókn, brygði ónotalega við og gerðu strax ráðstafanir til að koma í veg fyrir útrýmingu fleirri blómjurta, eða til hvers var rannsóknin? Tóm sýndarmennska? Ekkert hefur verið gert öll þessi ár svo nú hafa fleiri blómjurtir óhjákvæmilega horfið úr gróðurríkinu. Allt er þetta heimsku okkar og íhaldssemi að kenna að stunda enn þann dag í dag miðalda rányrkjubúskap á þrautpíndu landinu. Hvernig geta ráðamenn horft á sinn feril með góðri samvisku vitandi hvað verið er gera afkomendum okkar sem taka við stöðugt rýrari og snauðari landgæðum. Er ekki landið sem við búum á undirstaðan undir góðu lífi bæði fyrir líkama og sál? En það mætir alltaf afgangi, öll orka fer í fjármál sem eru auðvitað nauðsynleg en þeim má alltaf breyta og lagfæra. En gróðurinn og gróðurmoldin sem tapast við þetta aumkunarverða sinnuleysi kemur aldrei aftur og er töpuð að eilífu.

Mér datt í hug á sýningunni að þessar myndir yrðu e.t.v.eina sönnunin fyrir komandi kynslóðir fyrir því að á þessu landi hafi áður fyrr verið fallegur blómgróður með þúsundum ólíkra tegunda, en við hefðum fórnað þeim í sauðfjárbeit af rænuleysi. Falleg eftirmæli það! Ráðamenn þið vitið þetta allt. Finnst enginn meðal ykkar sem hefur kjark til að koma þessum málum í mannsæmandi horf? Hans yrði minnst í sögunni sem hetju, en hinir eins og hingað til hverfa smám saman með skömmina á bakinu.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Full búð af frábærum tilboðum




**999** kr/kg, áður 1.695 kr/kg
Goða bayonneskinka




**1.371** kr/kg, áður 1.959 kr/kg
Borgarness villikryddað hátíðarlambalæri




**1.178** kr/kg, áður 1.785 kr/kg
Goða hunangsgrísakótilettur




**392** kr/kg, áður 740 kr/kg
Ísfugls heill ferskur kjúklingur




**1.999** kr/stk
Latibær, 4 þættir




**108** kr/kg, áður 215 kr/kg
Borgarness skólaskinka, 165 g




**98** kr/ltr, áður 169 kr/ltr
Del Monte epla- og appelsínusafi

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SIA   Umbrot: Víkurfréttir

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 1.–4. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

SÖNGVARINN RICKY MARTIN ER 35 ÁRA Í DAG.

*„Hommar vilja að ég sé samkynhneigður en gagnkynhneigðir vilja það ekki. Þeir blaðamenn sem ég tala við vonast allir til þess að ég leysi frá skjóðunni. Ég vildi óska þess að fólk hætti að velta sér upp úr mínu lífi og færi að lifa sínu eigin lífi.“*



***Poppsöngvarinn Ricky Martin er ættaður frá Púertó Ríkó og sló fyrst í gegn sem stjarna í þarlendri sjónvarpssápu..***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2.NÓVEMBER 2004

## *Bush kosinn forseti í annað sinn*



Þennan dag árið 2004 fóru forsetakosningar í Bandaríkjunum fram. George Walker Bush, frambjóðandi Repúblikanaflokksins, hafði betur í slagnum við John Kerry, þingmann frá Massachusetts og frambjóðanda Demókrataflokksins.

Utanríkismál einkenndu kosningabaráttuna að þessu sinni og þá sérstaklega yfirlýsing Bush um stríð gegn hryðjuverkum og innrásin í Írak árið 2003.

Eins og í kosningunum 2000 urðu miklar deilur um lögmæti kosninganna og misræmi í talningu atkvæða. Bush gat í raun ekki fagnað sigri fyrr en daginn eftir kosningar þegar Kerry ákvað að draga ekki niðurstöðu kosninganna í Ohio í efa.

Bush fékk 62 milljónir atkvæða, eða 51 prósent, og varð þar með fyrsti forsetinn til að fá meirihluta atkvæða frá því að faðir hans og nafni var kjörinn forseti árið 1988.

Enginn forsetaframbjóðandi hefur nokkru sinni fengið jafn mörg atkvæði. John Kerry fékk 59 milljónir atkvæða, eða 48 prósent, og er það næstmesti atkvæðafjöldi sem forsetaframbjóðandi hefur fengið. Aðrir frambjóðendur fengu innan við eitt prósent atkvæða. Þar var Ralph Nader efstur á blaði með rúmlega 465 þúsund atkvæði eða 0,38 prósent.

## MERKISATBURÐIR

1906 Fyrsta kvikmyndahús Íslands, Reykjavíkur Biograftheater, tekur til starfa í Fjalakettinum.

1912 Skátafélag Reykjavíkur er stofnað í Fjósinu, bakhúsi Menntaskólans í Reykjavík.

1913 Morgunblaðið hefur göngu sína. Stofnandi og fyrsti ritstjóri þess var Vilhjálmur Finsen.

1914 Lög um notkun bifreiða taka gildi. Bílprófsaldur er bundinn við 21 árs aldur. Hámarksökuhraði er 15 km/klst í þéttbýli en annars 35 km/klst.

1941 Bandarísk flugvél ferst á Langahrygg á Reykjanesi og með henni ellefu manns. Þetta var mesta flugslys sem orðið hafði á Íslandi.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður V. Hallsson**

Lindargötu 57,

lést fimmtudaginn 18. október á líknardeild Landspítalans Landakoti. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hrafnhildur Eyjólfsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** **Friðjón Örn Friðjónsson**
**Anna Mariella Sigurðardóttir** **Jakob Gunnarsson**
**Benedikt Sigurðsson** **Eyjólfur Rósmundsson**
**Hekla Gunnarsdóttir** **Elísabet Rósmundsdóttir**
**Páll Viðar Jensson** **Unnur Rósmundsdóttir**
**og afabörn.**

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug á einn eða annan hátt vegna andláts og útfarar okkar ástkæra,*

**Sigurðar Magnúsar Magnússonar**

Esjubraut 39, Akranesi.

Sérstakar þakkir til Höllu Skúladóttur krabbameinssérfræðings og starfsfólks deildar 11-B á LSH og einnig til Hallveigar Skúladóttur hjúkrunarfræðings og Heimahjúkrunar SHA.

**Björnfríður Guðmundsdóttir**
**Magnús Hólm Sigurðsson**
**Ásta Ósk Sigurðardóttir** **Jóel Bæring Jónsson**
**Selma Sigurðardóttir** **Þorvaldur Sveinsson**
**og afabörn.**

†

*Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,*

**Elín Maríusdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi 31. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Ólafur Björn Guðmundsson**
**Björn Már Ólafsson**
**Þórey Vigdís Ólafsdóttir**
**Maríus Ólafsson**
**Elín Soffía Ólafsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hildigunnur Kristinsdóttir**

Skíðabraut 15, Dalvík,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 29. október sl. verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 3. nóvember kl. 13.30.

**Börn, barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



**BJÖRGUNARSVEITIN ÞORBJÖRN** Bogi Adolfsson, formaður sveitarinnar, og Óskar Sævarsson, ferðamála- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur, sjá um opið hús hjá björgunarsveitinni á morgun. Þar verður farið yfir sögu sveitarinnar í máli og myndum yfir veislukosti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BJÖRGUNARSVEITIN ÞORBJÖRN Í GRINDAVÍK: SEXTUG Á LAUGARDAG

# Menningarganga og terta

Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík fagnar sextugsafmæli á morgun laugardag.

Dagurinn hefst með menningar- og sögutengdri göngu, undir leiðsögn Sigrúnar Franklín, um Þórkötlustaðanes þar sem nýtt söguskilti verður vígt. Nesið, sem skiptist í Þórkötlustaðanes og Hópsnes, er söguvið útgerðar í Grindavík þar sem minjar um verbúðir standa ennþá. Á austanverðu nesinu er síðan einn elsti byggðakjarninn í Grindavík.

„Saga björgunarsveitarinnar og nessins er samtvinnuð. Þarna bjó fólk við sjósókn og róðra fram undir miðja síðustu öld og samtals hefur björgunarsveitin bjargað 232 sjómönnum úr sjávarháska og drjúgum hluta á nesinu,“ segir Óskar Sævarsson, ferða- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur, sem er einnig forstöðumaður Saltfisksetursins og hefur starfað með björgunarsveitinni í áratugi.

Gangan sem er í boði björgunarsveitarinnar, Grindavíkurbæjar og Saltfisksetursins hefst klukkan 13. „Skiltið segir sögu gamla byggðakjarnans ásamt því að sýna fornar minjar um sjósókn á staðnum. Einnig eru þar öll kennileiti og örnefni ásamt strandstöðvum,“ útskýrir Óskar sem segir að gangan taki um klukkustund með fræðslustoppum og endi í húsakynnum björgunarsveitarinnar að Seljabót 10. Þar verður opið hús frá klukkan 13-17 á laugardag.

„Sveitin býður til afmælisveislu þar sem allir eru velkomnir. Þar verður saga sveitarinnar til sýnis í máli og myndum yfir veglegum veigum. Þetta er ein elsta björgunarsveit landsins og á sér stórmerka sögu. Við ætlum að bjóða upp á risastóra afmælistertu ásamt góðgæti fyrir krakkana og hoppukastala ef veður leyfir,“ segir Óskar sem býst við góðri veislu.

„Björgunarsveitin er sterkt afl og félagsskapur í augum Grindvíkinga og nýtur gífurlegrar velvildar svo ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta á afmælisdaginn,“ segir Óskar brosandi. Afmælisveislan er síðasti liður í viðburðadagskrá Grindavíkurbæjar og Saltfisksetursins.

Sjá:www.grindavik.is **rh@frettabladid.is**



†

*Elskulegi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og bróðir,*

**Sveinn Ingvi Þorsteinsson**

Deildarási 1,

lést 26. október á Krabbameinsdeildinni við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 2. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkað, en þeim sem vilja minnast hans er beint á minningarsjóð Karitas S. 551 5606 milli 9 og 11 eða Krabbameinsfélagið.

**Jónína Kristín Vilhjálmsdóttir**
**Þröstur Sveinsson** **Guðrún Eiríksdóttir**
**Óla Laufey Sveinsdóttir**
**Þorsteinn Sveinsson** **Keelie Walker**
**Jóna Denný Sveinsdóttir**
**Vilhjálmur Örn Halldórsson** **Svanfríður Ásgeirsdóttir**
**systkini og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Kristjáns Hans Jónssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á 4. hæð hjúkrunarheimilisins Sólvangs, Ásgeirs Theodórs, yfirlæknis lyfjadeildar St. Jósefsspítala, og allra þeirra sem önnuðust Kristján í erfiðum veikindum hans.

**Fyrir hönd fjöskyldunnar,**

**Ásdís G. Konráðsdóttir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu um tísku, hönnun, menningu, viðskipti og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
ÞRIÐJUDAGUR
…alla daga
FRÉTTABLAÐIÐ
Skútumenn játuðu að vera burðardýr



**Tíu dropar – úr blómskreytta brúsanum**
Hvort sem þú drekkur rósa-knúppate eða bara gamaldags molasopa, þá heldur þessi blómskreytti hitabrúsi drykknum heitum. Hann fæst í rauðum eða bláum litum og kostar 800 krónur.



**Hamar fyrir blómabörn**
15 cm langur blómskreyttur hamar. Fæst í bláum og rauðum litum. 400 krónur.



**Klipptu það með blómum**
Skæri með blómskreyttu handfangi, rauðu eða bláu. 200 krónur.



**Við mælum með blómum**
Blómskreytt málbandið fæst í bláum og rauðum litum og kostar 200 krónur.



**Blómabirta**
Vasaljósið er blómum skrýtt og lýsir þér leiðina þótt það strái kannski ekki rósablöðum á hana. 400 krónur.

**TIGER**
**Villidýr í verði**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**

**Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is**


## STUÐ MILLI STRÍÐA Athygli

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER ORÐINN ÓNÆMUR FYRIR ÁREITI HVERSDAGSLEIKANS



Oft vildi ég óska að ég væri meiri bókaormur. Sérstaklega þegar viðrar illa eins og gert hefur undanfarna daga. Ég get nefnilega auðveldlega séð sjálfan mig fyrir mér, sitjandi við gluggann að lesa góða skáldsögu meðan vindurinn myndar heila sinfóníu í trjánum fyrir utan og rigningin slær taktfast á þakið og gluggann minn. Það er eitthvað svo rómantískt við þá mynd í huga mér. Sama má reyndar segja um sólríkan dag á ströndinni, þar sem ég sé sjálfan mig með bók í hönd í skugga af gömlum hjalli og það eina sem ég heyri er hljóðið í öldunum þegar þær skella á landinu. Þessi bóklestur minn á sér þó nær eingöngu stað í hugarskotum mínum.

Í raunveruleikanum er ég allt of upptekinn til að setjast niður og lesa. Það geta liðið margar vikur án þess að ég opni bók og ég er alltaf í kapphlaupi við tímann að gera eitthvað annað. Þegar ég kem svo heim á kvöldin hefur sjónvarpið oftast vinninginn.

Þegar amma mín var að alast upp var slegist um þær fáu bækur sem voru í boði og þær voru lesnar aftur og aftur. Foreldrar mínir náðu líka í skottið á þessari menningu, rétt áður en sjónvarpið fór að tröllríða öllu lífi fólks. Núna er framboðið af afþreyingu orðið svo mikið að fólk er nánast ónæmt fyrir áreiti. Heimili landsins eru full af raftækjum sem keppast um athyglina og miðla þess á milli blikkandi auglýsingaborðum eða orðræðu um ágæti einhverrar vöru yfir viðstadda. Fréttirnar í útvarpinu kallast á við fréttirnar í sjónvarpinu og sennilega er enginn að hlusta nema veggirnir.

Oft hafa foreldrar mínir sagt mér að vera duglegri að lesa bækur. Það er sá raunveruleiki sem þau ólust upp við. Það er spurning hvort ég mun í framtíðinni hvetja börnin mín til að horfa á DVD og flakka nú aðeins meira um netið, enda verði þá komið annað og enn ágengara form afþreyingar sem ég mun þá hvorki skilja upp né niður í.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

